

✉ Re: 2209096 - Ósk eftir umsögn, Efri-Reykir L167080, frístundabyggð, deiliskipulag

Búið til	5.5.2023 22:04:19
Höfundur	Borgný Katrínardóttir
Sent	5.5.2023 22:04:16
Tilheyrir	📁 202303-0058 - Efri-Reykir L167080, frístundabyggð, deiliskipulag - ósk um umsögn

## Efni

Re: 2209096 - Ósk eftir umsögn, Efri-Reykir L167080, frístundabyggð, deiliskipulag

## Upplýsingar

## Vinnsla

Sent	5.5.2023 22:04:16	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

## Þátttakendur

Frá	Borgný Katrínardóttir - NI (Borgny.Katrinardottir@ni.is)
Til	ellisif@utu.is

## Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202303-0058 (BK, OKV)

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs., dags. 24. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Efri-Reyki í Bláskógabyggð. Um er að ræða 26 frístundahúsalóðir í landi Efri-Reykja í Bláskógabyggð, á skipulagsreit F73 í aðalskipulagi. Skipulagssvæðið er um 23 ha en þar til viðbótar liggja fyrir drög að framtíðar skipulagi á reitnum, sem þar með yrði fullbyggður.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Land á skipulagssvæðinu er að langmestu leyti vel gróið. Mólendi og votlendi einkenna gróðurfar og hefur því tiltölulega lítið verið raskað. Út frá túlkun loftmynda og vistgerðakorts má áætla að á Stekkatúnshéi sé að finna mólendisvistgerðir á borð við lyngmóavist og víðikjarrvist en þær eru metnar með hátt og mjög hátt verndargildi (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2016). Þar sem land er grösugt má finna grasmóavist og língresis- og vingulsvist. Þá er birkikjarr á mörkum mólendis og votlendis, en kjarrskógavist, ein vistgerða birkiskóga, hefur mjög hátt verndargildi. Líkast til er útbreiðsla votlendis á vistgerðakorti ofmetin á Stekkatúnshéi. Nær Brúará að Hlaupungulæk er hins vegar samfelt, lítið raskað votlendissvæði, Rauðólfsmýri, þar sem runnamýravist á láglandi er ríkjandi og er vistgerðin er metin með mjög hátt verndargildi.

Undir *Umhverfisáhrif* er ekki minnst á fuglalíf en Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands. Er þá miðað við að um eða yfir 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum. Umrætt svæði er einnig það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggendum búsvæðum.

Þéttleiki átta algengustu tegunda mófugla var kannaður í helstu vistlendum Suðurlands á árunum 2011 og 2012 og reyndist vera að meðaltali 640 fuglar á km<sup>2</sup> í votlendi, 623 fuglar/km<sup>2</sup> í deiglendi (semi-wetland), 481 fugl/km<sup>2</sup> í ríku mólendi (rich heathland) og 461 fugl/km<sup>2</sup> í graslendi (Jóhannesdóttir o.fl. 2014). Út frá vistgerðum má því gera ráð fyrir háum þéttleika mófugla á skipulagssvæðinu, sem og á nærliggjandi svæðum sem einnig stendur til að leggja undir frístundabyggð.

Hér er um að ræða vel gróið, lítt raskað land með vistgerðum með hátt til mjög hátt verndargildi á meirihluta svæðisins. Víðikjarrvist og kjarrskógavist eru almennt í framför víða um land en slíkt hið sama er ekki hægt að segja um votlendi. Talið er að á Suðurlandi sé einungis um 3% upprunalegs votlendis enn eftir lítt raskað (Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. 1998). Því er mikilvægt að varðveita það votlendi sem eftir er enda er það mikilvægur kolefnisgeymir auk þess að veita margvíslega vistkerfisþjónustu. Þá hefur einnig verið gengið mjög á mólendi á Suðurlandi með frístundabyggðum og skógrækt.

Nú er gert ráð fyrir lóðum og byggingum í Rauðólfsmýri og votlendum við Brúará. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að uppbygging taki mið af útbreiðslu votlendis á skipulagssvæðinu og hlífi því við raski og byggð. Þá ætti að miða við að lóðamörk séu a.m.k. 100 m frá árbakka. Ljóst er að fjöldi mófugla mun missa búsvæði sín þegar frístundabyggðin er fullbyggð og því er ítrekuð ábending Náttúrufræðistofnunar um mikilvægi þess að sveitarfélög á Suðurlandi marki sér stefnu um verndun búsvæða vaðfugla til að tryggja viðunandi verndarstöðu þessara tegunda til framtíðar, m.a. með því að leggja mat á samlegðaráhrif ólíkra framkvæmda og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif þeirra á vaðfuglastofna.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Heimildir:

Jóhannesdóttir, L., Arnalds, Ó., Brink, S., & Gunnarsson, T. G. 2014. Identifying important bird habitats in a sub-arctic area undergoing rapid land-use change. *Bird Study*, 61, 544–552.

Sigurður H. Magnússon, Borgþór Magnússon, Ásrún Elmarsdóttir, Sigmar Metúsalemsson og Hans H. Hansen 2016. Vistgerðir á landi. Í Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi, bls. 17–169. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf))

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Jóhann Þórsson, Svafa Sigurðardóttir, Kristín Svavarsdóttir og Magnús H. Jóhannsson 1998. Röskun votlendis á Suðurlandi. Í: Íslensk votlendi – verndun og nýting, bls. 131-142. Háskólaútgáfan.

Bestu kveðjur  
Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, náttúruverndarsvið / Biologist, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)

**From:** "Ellisif Malmo Bjarnadóttir" <ellisif@utu.is>  
**To:** "uggi@minjastofnun.is" <uggi@minjastofnun.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "ba@babubabu.is" <ba@babubabu.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>  
**CC:**

**Subject:** 2209096 - Ósk eftir umsögn, Efri-Reykir L167080, frístundabyggð, deiliskipulag  
**Date:** 24.3.2023 14:01:44

Góðan dag

Sendi hér í viðhengi skipulagsgögn til umsagnar vegna deiliskipulags fyrir Efri-Reyki í Bláskógabyggð.

Skipulagsmál í auglýsingu frá 23. mars - 5. maí 2023.

Bestu kveðjur,  
Ellisif Bjarnadóttir

&nbsp;

Ritari skipulagsfulltrúa



Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: ellisif@utu.is (mailto:ellisif@utu.is); skipulag@utu.is (mailto:skipulag@utu.is)

Vefsíða: www.utu.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.sbf.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C44d161e1301c4191bcd108db2c703b1f%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638152633041503822%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Iik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=jkHF0dI3LjNVDuleTgAPO4spuffRIP%2BjpDc2EFaRcsA%3D&reserved=0)

Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í pósthólfinu þínu á island.is

(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.island.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C44d161e1301c4191bcd108db2c703b1f%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638152633041503822%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Iik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=O7yOB%2Bic4U5gANnbKJH6zvTiDW9%2B%2BSrAxUwKxYfQ5oE%3D&reserved=0) (mínar síður)